



**MANNVIT**  
LANDSNET

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson,  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

9. febrúar 2023.

## **Varðandi: Hamraneslínur 1 & 2: Viðbrögð við umsögnum við fyrirspurn um matsskyldu**

Landsnet hefur mótttekið umsagnir frá umsagnaraðilum við fyrirspurn um matsskyldu vegna breytinga á Hamraneslínunum 1 & 2 í Hafnarfirði og Garðabæ. Fyrirspurnin var send til Skipulagsstofnunar 13. desember 2022.

Hér á eftir verða sett fram viðbrögð við þeim umsögnum sem hafa borist 9. febrúar 2023.

Umsagnir sem krefjast viðbragða Landsnets hafa borist frá eftirfarandi aðilum:

- Hafnarfjarðarbær, 16. janúar 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands, 19. janúar 2023.
- Veitur, 19. janúar 2023.
- Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, 23. janúar 2023.
- Minjastofnun Íslands, 25. janúar 2023.
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, 8. febrúar 2023.

Umsagnir sem ekki krefjast viðbragða Landsnets hafa borist frá eftirfarandi aðilum:

- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, 18. janúar 2023.
- Umhverfisstofnun, 23. janúar 2023

Eftirfarandi umsagnaraðilar hafa ekki sent inn umsagnir þegar þetta bréf er tekið saman:

- Garðabær, hafa óskað eftir fresti.
- Orkustofnun
- Vegagerðin

# 1. Umsögn Hafnarfjarðabæjar

Umsögn Hafnarfjarðabæjar	Viðbrögð Landsnets
<p>Það kemur fram í skýrslunni að núverandi staðsetning er farið að hamla uppbyggingu á nýjum íbúðarsvæðum í bænum og eins er svæðið nýtt af stórum hópi útivistarfólks, þá vaknar upp sú spurning hvers vegna Hnoðraholtslínan sé skilin eftir ofanjarðar, þar sem hún liggur nánast samhliða Hamraneslinunum.</p> <p>Væri ekki nær að losna alfarið við þessar línur í jörðu og þar með myndi áhrif framkvæmdarinnar verða víðtækari?</p>	<p>Smávægilegar breytingar hafa nú þegar verið gerðar á Hnoðraholtslínu 1 til að bregðast við uppbyggingu íbúðabyggðar í Hafnarfirði. Landsneti er ljóst að bæði aðalskipulag Hafnarfjarðar og Garðabæjar fela í sér þá stefnu að Hnoðraholtslínan skuli fara í jörðu. Þá hefur Landsnet fengið upplýsingar um að fyrirhugað er að sveitarfélögin vinni að því á vettvangi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins að færa frekar út vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins. Því telur Landsnet að á meðan ekki liggur fyrir með hvaða hætti þau vaxtarmörk þróast, að þá sé ekki æskilegt að festa til framtíðar legu Hnoðraholtslínu með því að setja hana á þessum tímamarki í jörðu.</p>
<p>Í kafla 4.4.4 Náttúru- og hverfisvernd vantar að nefna sjálft Gráhelluhraunið, en í núgildandi aðalskipulagi segir:</p> <p>Gráhelluhraun (HVc2) Söguleg skógræktargirðing ævintýralegt að skjólgott útivistarsvæði innan um ósnerit hraun. Hverfisverndarákvæði: Í hverfisverndinni felst að ekki má raska landi né spilla minjum.</p>	<p>Í kafla 4.4.2 Náttúru- og hverfisvernd er fjallað um að fyrirhugaðar framkvæmdir liggja að hluta um eldhraun og að slíkar jarðminjar njóti sérstakrar verndar. Á mynd 4.11 í skýrslunni eru verndartakmarkanir í nágrenni línanna sýndar og þar er hverfisverndarsvæðið Gráhelluhraun sýnt sem og eldhraun (hraun frá nútíma).</p> <p>Nýr jarðstrengur mun liggja meðfram vegi, utan við hverfisverndarsvæðið Gráhelluhraun (HVc2) en núverandi loftlínur liggja yfir svæðið og þær þarf að rífa. Landsnet er meðvitað um þetta og mun fyllstu varúðar verða gætt við framkvæmdir í og í grennd við hverfisverndarsvæðið þannig að minjum verði ekki spilt.</p> <p>Landsnet hefur átt samtal við Hafnarfjörð, Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Hestamannafélagið Sörla um staðsetningu strengsins á þessu svæði.</p>
<p>Það þarf að setja Gráhelluna (tóftina) inná mynd 4.11 ásamt Fjarborg við Ásfjall þannig að hægt sé að átta sig á staðsetningu þessara minja. Það sama gildir um mynd 4.12. Það þarf að sýna allar skráðar formminjar á henni en ekki bara hluta.</p>	<p>Einungis eru sýndar þær formminjar sem eru innan áhrifasvæðis framkvæmda. Ástæða þess að fornleitin Hrauntungustigur var sýnd sérstaklega er sú að hún var upphaflega innan áhrifasvæðisins en legu jarðstrengsins hefur nú verið hlíðrað, m.a. vegna staðsetningu fornleidarinnar.</p> <p>Á meðfylgjandi korti og korti affast í skjali má sjá staðsetningu Gráhellu og fjarlægð fyrirhugaðs jarðstrengs í tóftina við Gráhellu. Samkvæmt því er tóftin í um 165 m fjarlægð frá fyrirhuguðum jarðstreng. Í hverfisverndarákvæðum í skipulagi segir að ekkert rask megi eiga sér stað í innan við 50 fjarlægð frá klettinum. Framkvæmdir verða í rúmlega 100 m fjarlægð og þannig er heigunarsvæði tóftarinnar virt. Fjarborg við Ásfjall er í um 1 km fjarlægð frá nýjum jarðstreng og um 500 m frá núverandi loftlinum svo ekki er hætt á raski á þeim minjum vegna framkvæmdarinnar.</p>

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar

Viðbrögð Landsnets



Það kemur ekki fram hversu langur framkvæmdatíminn sé, einungis talað um að verklegar framkvæmdir séu árið 2024.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um leið og hægt er vorið 2024 og ljúki um haustið, þ.e. frá apríl/maj til október.

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar	Viðbrögð Landsnets
<p>Í kafla 5. í kemur fram að rask á kjarrskógum innan framkvæmdasvæðisins sé um 0.8 ha og að verndargildi þeirra er hátt þar sem birkiskógar njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.</p> <p>Einnig þarf að fella tré á skógræktarsvæði í Gráhelluhrauni. Það þarf að gera nánar grein fyrir hvernig Landsnet muni bæta fyrir það tjón ásamt að gera grein fyrir hvernig meðhöndlun kjarrskógarins muni eiga sér stað, á að taka þessi tré til hlífðar og planta þeim aftur, eða á að farga þessum kjarrskógi?</p> <p>Gráhelluhraunið er elsta skógræktarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og liggja fyrir drög að deiliskipulagsi svæðisins, það þarf að stilla saman strengi til þess að hægt sé að nota lagnasvæðið í gerð reiðstíga ásamt græna stígnun í græna treflinum þar sem strengurinn fer í jörðu.</p> <p>Nú þverar þessi lagnaleið kaldavatnsstrengi, hvernig er sú framkvæmd hugsuð?</p>	<p>Landsnet mun bæta fyrir röskun skóglendis með því að kosta framkvæmdir við að græða upp skóg á jafn stóru svæði og tapast í samráði við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæ. Þá hefur í verkhönnun verið tekið tillit til gróðurfars eins og kostur er í þeim tilgangi að draga úr áhrifum. Lögð verður áhersla á að varðveita svarðlag og það endurnýtt eins og kostur er við frágang. Verklagið verður skilgreint í verklýsingu, sem og forskrift endurnýtingar. Nú þegar hefur Landsnet upplýst Skógræktarfélagið um að þau muni bæta þeim tjónið, en ítarlegra samtal um endanlegt verklag mun eiga sér stað síðar.</p> <p>Landsnet telur ekkert því til fyrirséðu að hefja samtal við Hafnarfjarðarbæ um hvernig nýta megi rask vegna framkvæmda við Hamraneslínur til þess að bæta útvíst á svæðinu.</p> <p>Landsnet gerir ráð fyrir því að þvera Kaldárselslögnina vestan hesthúsabyggðarinnar, með því að grafa frá henni og leggja 3-4 ídráttarrör fyrir hvort strengsett a.m.k. 30 cm undir lögnina og að fyllt verði yfir þau og gengið frá umhverfis lögnina eins fjfótt og hægt er. Almennt er skurdýpi 1,3 m og dýpt ofan á strengi ekki minna en 1 m. Hæðarlega fyrirleggjandi lagna ræður um hversu mikið skurðurinn dýpkar til að ná lágmarksaðskilnaði í þverunum. Hlíðarplötur verða settar yfir strengina, undir lögninni og 2-3 m til hvorrar handar eftir strengskurði.</p> <p>Nánari lýsing verður í útboðshönnun og samráð við Vatnsveituna í þeirri vinnu og við framkvæmdina sjálfa.</p>

## 2. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands	Viðbrögð Landsnets
<p>Strengleiðin er utan allra verndarsvæða en hann liggur á tveimur stöðum í gegnum nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (lög nr. 60/2013).</p>	<p>Líkt og fram kemur í töflu 5.4 um mótvægisáðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum verður fyrirhuguð leið jarðstrengsins skoðuð nánar í tengslum við frekari hönnun. Leiði endanleg skoðun í ljós að á leið strengsins séu hraunhellar, verður leiðin aðlöguð þannig að hún raski þeim ekki í samráði við jarðfræðinga.</p>
<p>Jarðstrengurinn á að liggja í gegnum Gráhelluhraun á um 1000 m kaffa á bæjarmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Í Hafnarfirði er strengleiðin eftir reiðvegi í hrauninu á um 700 m kaffa og í Garðabæ liggur leiðin um 250 m í gegnum ósnortíð hraunið. Hér þarf að fara varlega og passa að hraunhellum verði ekki raskað en samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er möguleiki á að hraunhellar séu á línuleiðinni. Einnig verður rask á nútímahrauni á leiðinni frá Hvaleyrarvatnsvegi að tengivirkinu í Hamranesi en það er á stuttum kaffa og aðrir möguleikar ekki í boði.</p>	<p>Þá verður lögð áhersla á að lágmarka rask eins og kostur er.</p>
<p>Kjarrskógavist hefur allnokkra útbreiðslu til beggja enda athugunarsvæðisins. Hún er skilgreind sem forgangsvistgerð og verndargildi hennar er meðið hátt (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016, Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Vistgerðin er einnig á lista Bernarsamningsins auk þess sem hún nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd að teknu tilliti til mikilvægis skóglendis (Council of Europe 2019, Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Einnig er mögulegt er að sjaldgæfar plöntutegundir verði fyrir áhrifum. Ein tegund á valista æðplantna, blátoppa sem hefur verið friðuð frá því í nóvember 2021 (Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna, nr. 1385/2021), gæti mögulega fundist á svæðinu en hún er t.d. skráð á Ásfjalli. Þá gætu sjaldgæfar burknategundir fundist í hraungjótum bæði í Gráhelluhrauni og sunnan við Hamranes.</p>	<p>Aftur er vísað í töflu 5.4 um mótvægisáðgerðir vegna vistgerða og flóru:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Hugað verður að því að takmarka það svæði sem verður raskað sem kostur er.</li><li>• Leitast verður við að tryggja að endurheimt raskaðra svæða verði í samræmi við það gróðurfar sem fyrir er.</li><li>• Landsnet mun leggja áherslu á viðvarandi eftirlit með framkvæmdum og slóðagerð á meðan framkvæmdir standa yfir. Hafa verður eftirlit með því að verktakar fari að lögum og reglugerðum, valdi ekki óþarfa raski og gangi vel um framkvæmdasvæðið.</li><li>• Almennt er gert ráð fyrir að haft sé samráð við fulltrúa Umhverfisstofnunar um útlagningu vegslóða á viðkvæmum svæðum.</li></ul> <p>Landsnet mun bæta fyrir röskun skóglendis með því að kosta framkvæmdir við að græða upp skóg á jafn stóru svæði og tapast í samráði við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæ. Þá hefur í verkhönnun verið tekið tillit til gróðurfars eins og kostur er í þeim tilgangi að draga úr áhrifum. Lögð verður áhersla á að varðveita svarðlag og það endurnýtt eins og kostur er við frágang. Verklagið verður skilgreint í verklýsingu, sem og forskrift endurnýtingar. Nú þegar hefur Landsnet upplýst Skógræktarfélagið um að þau muni bæta þeim tjónið, en ítarlegra samtal um endanlegt verklag mun eiga sér stað síðar.</p>
<p>Náttúrufræðistofnun vill benda á að ef horfið hefur verið frá niðurrifi Hamraneslína í heild sinni, þá</p>	<p>Landsneti er kunnugt um þá áhættu sem Hamraneslinur skapa ákveðnum fuglategundum á vatnasviði Elliðaavatns, m.t.t áflugshættu.</p>

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands	Viðbrögð Landsnets
<p>er bryn nauðsyn að ráðist verði í aðgerðir til að draga úr áflugi þar sem línuleiðin liggur yfir vatnasvið Elliðaavatns og árangur aðgerða vaktaður. Lega Hamraneslína á þeim slóðum er skólabókardæmi um afleiða staðsetningu með tilliti til fuglalífs en þama eru fuglarík vötn og því töluverð umferð vatnafugla sem eru meðal þeirra fuglahópa sem hvað hættast er við áflugi. Þá eru Hamraneslínur á nokkrum hæðum og mynda því hálfgerðan vegg sem einnig eykur hættuna á áflugi.</p>	<p>Siðasta vor stóð Landsnet fyrir því að setja upp myndavélar með hreyfiskynjara til að fylgjast með áflugi á leiðara milli mastra yfir Hrauntúnstjörn, þar sem þekkt er að fuglar hafa flogið á leiðara og var þar sérstaklega verið að beina sjónum að himbrima. Ætluin var að í kjölfar þeirrar vöktunar myndi Landsnet í samráði við N.Í. eða aðra sem sérþekkingu hafa á fuglum, fara yfir hvaða möguleikar séu í stöðunni til þess að draga úr áflugi á viðkvæmstu köflum Hamraneslína. Til eru ýmsar útfærslur á merkingum leiðara, sem henta misvel bæði m.t.t. þess hversu mikinn ávinning þær hafa í för með sér og einnig hvernig best er að koma þeim fyrir á leiðara. Þekkt er að sú aðferð að setja merki á jarðvíra en ekki er jarðvír fyrir hendi á þeim svæðum sem talin eru helstu áhættusvæðin m.t.t. áflugs. Því telur Landsnet mikilvægt að áður en ráðist er í merkingar liggja fyrir betri greining á áflugsáhættu og mögulegum mótvægisáðgerðum, þannig að ljóst sé að þær skili þeim ávinningi sem að er stefnt.</p>
<p>Skæðsemi Hamraneslína hefur verið staðfest en Hafsteinn Björgvinsson, umsjónarmaður vatnsverndarsvæða í Heiðmörk, hefur haldið skrá yfir dauðsföll fugla af völdum línanna þar sem þær liggja yfir Hrauntúnstjörn og á þessu eina staurabili voru á árunum 1996-2020 samtals skráðir 133 fuglar af 17 tegundum (Hafsteinn Björgvinsson, óbirt gögn). Staðsetning þessara lína er sérstaklega óheppileg með tilliti til himbrimavarpis við fjörnina en ungarnir eru mjög gjarnir að fljúga á línuna þegar þeir eru í flugæfingum (Hafsteinn Björgvinsson 2021).</p>	<p>Landsnet hefur verið upplýst um að því miður hafi varp himbrimans misfarist og því hafi myndavélavöktunin ekki skilað tilætludum árangri til að fylgjast með flugi unga við línuna, en Landsnet hefur hug á að skoða málið að nýju komandi vor.</p>

### 3. Umsögn Veitna

Umsögn Veitna	Viðbrögð Landsnets
<p>Veitur sækja neysluvatn í vatnsból á Heiðmerkursvæðinu sem er dreift til íbúa og fyrirtækja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í tilkynningunni að niðurrif mastra og lagning jarðstrengs séu utan vatnsverndarsvæðis og að möstur línanna innan vatnsverndarsvæða muni standa áfram en þó sé gert ráð fyrir viðhaldi þeirra. Veitur taka undir með Landsneti að það viðhald skuli, sökum viðkvæmni vatnsverndarsvæða, vera háð eins stýrðum aðstæðum og mögulegt sé og í samræmi við áhættumat og önnur skilyrði sem mótuð eru í starfsleyfi heilbrigðisfrilits vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæða. Veitur leggja til að Landsnet bæti við setningu í kafla 7.1, um leyfi sem framkvæmdin er háð, að sótt verði um tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisfrilitsins í samræmi við samþykkt nr. 555/2015 vegna viðhalds á þeim hluta línanna sem liggja innan vatnsverndarsvæða, þegar að því komi.</p>	<p>Ekki er unnt að bæta texta í skýrsluna á þessu stigi. Skipulagsstofnun getur hins vegar bætt tilvísun í tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisfrilitsins í samræmi við samþykkt nr. 555/2015 vegna viðhalds á þeim hluta línanna sem liggja innan vatnsverndarsvæða, inn í ákvörðun sína.</p>

### 4. Umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar	Viðbrögð Landsnets
<p>Það eru auðvitað ákveðin vonbrigði að línurnar séu ekki að fara úr útvistarvæðinu í Heiðmörk þó skilningur sé á forsendumubreytingum fyrir valkosti sem orðið hafa, þ.e. eldvirkni á Reykjanesi.</p> <p>Ágætlega er gert grein fyrir framkvæmdinni í fyrirsprungarskýrslu Landsnets en það er þó ekki rætt hver sé sýn Landsnets á framhaldi línunnar þar sem áætlað er að jarðstrengur endi í Urriðakotsdal. Gert er ráð fyrir 30 ára endingu á loflínunni en það væri æskilegt að meta valkosti fyrir línuna frá tengjipunkti í Urriðakotsdal áfram til norðausturs því mögulega þarf að tryggja lagnaleið, sem líklega er þá í jörð, sem taki við þegar líftími loflínunnar er búinn.</p>	<p>Fyrirhuguð breyting á Hamraneslínunni felur undir málsmeðferð laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem felur í sér að leggja fram gögn um möguleg áhrif breytinga sem núverandi framkvæmd getur komið til með að hafa á umhverfi sitt. Skipulagsstofnun tekur svo ákvörðun um hvort framkvæmdin þurfi fullt umhverfismat eða ekki.</p> <p>Fyrirhuguð breyting á Hamraneslínunni er áætluð innan Hafnarfjarðar og Garðabæjar.</p> <p>Hvað varðar framtíð Hamraneslína til lengri framtíðar og þá m.a. innan lands Reykjavíkurborgar, þá mun þegar þar að kemur væntanlega þurfa að eiga sér stað fullt mat á umhverfisáhrifum, þar sem bornir verða saman valkosti. Slíkt mat og samanburður valkosta mun þá taka til forsendna sem þá verða til staðar, t.d. hvað varðar stöðu flutningskerfisins, íbúabróun á höfuðborgarsvæðinu, frekari upplýsingar um þróun jarðhræringa á Reykjanesinu o.fl. Á þessu stigi er því ekki raunhæft að ráðast í mat á nýrri lagnaleið Hamraneslína, þar sem ljóst er að slíkt mat gæti ekki nýst sem fullnægjandi forsenda ákvarðanatöku eftir 30 ár.</p>

## 5. Umsögn Minjastofnunar Íslands

Umsögn Minjastofnunar Íslands	Viðbrögð Landsnets
<p>Í skýrslunni segir: <i>Kannað var allt að 30 m svæði sitt hvorum megin við fyrirhugaða jarðstrengsliðu.</i> Minjastofnun kannast ekki við að hafa fengið gögn þar sem gerð er grein fyrir þessari úttekt. Í skýrslu Landsnet er engin heimildaskrá þannig að ekki er hægt að sjá heiti umræddrar skýrslu né hvenær hún var gefin út.</p>	<p>Landsnet þakkar ábendingu Minjastofnunar Íslands. Meðfylgjandi er skýrsla Fornleifafræðistofunnar. Rétt er að áréttta það að leiðin var ekki könnuð á vettvangi heldur einungis með skrifborðsúttekt, sbr. það sem segir í inngangskafila skýrslunnar. Landsnet biðst velvirðingar á því að þetta kann að hafa valdið misskilningi og hefði mátt orða þessa umfjöllun öðruvísi. Eftir að hafa farið yfir þær fornleifar sem skráðar voru í skýrslum tvær frá 2021 (fyrir Ásland og Kaldársel og nágrenni), má sjá að ein fornleif til viðbótar við Ásland og Kaldársel er innan áhrifasvæðis framkvæmda við lagningu jarðstrengs: 2658-52 Hrauntungustíginn er innan áhrifasvæðis framkvæmda við lagningu jarðstrengnum. Markavarða, vel greinanleg við enda línuvegs. Hún liggur um 13 m frá jarðstrengnum. Landsnet mun taka tillit til þessarar fornleifar við endanlega útfærslu á lagnaleiðinni. Á meðfylgjandi korti (<b>mynd 1, aftast í skjali</b>) má sjá legu fornleifa sem skráðar eru í skýrslunum og liggja í grennd við leið jarðstrengsins ásamt fjarlægð í þær, en þær eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- 2658-52, markavarða: Fjarlægð 13 m</li> <li>- 2658-51, varða: Fjarlægð 67 m</li> <li>- 2662-8, hleðsla, heygardúr: Fjarlægð 170 m</li> <li>- 2662-9, garðlag, vörslugarður: Fjarlægð 160 m</li> <li>- 2662-10, garðlag, landamerki: Fjarlægð 112 m</li> </ul>
<p>Minjastofnun Íslands veitti nýlega umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfiarðar vegna færslu Hamranesliðu 1 og 2 og lagningu línunnar í jörð. Í umsögninni var vakin athygli á að fyrirhugað var tvær skýrslur frá árinu 2021, <i>Fornleifaskrá Hafnarfiarðar VIII. Ásland</i> og <i>Fornleifaskrá Hafnarfiarðar IX. Kaldársel og nágrenni</i>. Í báðum skýrslunum eru góð yfirlitsskort um skráðar minjar og af þeim er ljóst að nokkur fjöldi minja er í nánunda við fyrirhugað línustæði. Í umsögninni kom jafnframt fram að þó að skýrslurnar gefi gott yfirlit yfir minjar á svæðinu þá hafi línustæðið ekki verið skoðað sérstaklega á vettvangi. Í umsögninni var farið fram á að fornleifafræðingur verði fenginn til að ganga línustæðið og mæla upp og skrá þær minjar sem hugsanlega koma í ljós á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.</p>	<p>Innan áhrifasvæðis framkvæmda v. niðurrifs Hamranesliða 1 &amp; 2 er einnig ein fornleif:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- 2658-47, hleðsla, vel greinanleg: Í 80 m fjarlægð frá núverandi loftlínum HN1&amp;2.</li> <li>- í grennd eru líka: <ul style="list-style-type: none"> <li>o 2662-5, hleðsla, fjárskýli: Í 300 m fjarlægð frá núverandi loftlínum HN1&amp;2</li> <li>o 2662-6, garðlag, landamerki: Í 280 m fjarlægð frá núverandi loftlínum HN1&amp;2</li> <li>o 173-064, hádegisvarða: Í um 435 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði niðurrifs núverandi loftlína.</li> </ul> </li> </ul> <p><b>ATH</b> að á kortinu er fjarlægð sýnd frá jarðstrengnum, ekki núverandi loftlínum. Landsnet mun láta fornleifafræðing ganga leiðina og niðurstöður þeirra rannsóknna verða nýttar við endanlega útfærslu á legu jarðstrengs. Skráning verður gerð á fyrirhugaðri lagnaleið og 30 m betti tekið út, 15 m hvoru megin við miðlínu lagnaleiðarinnar. Leiði forminjakönnun í ljós aður óþekkta minjastaði verður strengleiðinni hnikað til eða gripið til annarra aðgerða sem minjaviðrör leggur til. Ef fram koma aður óþekktar minjar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um nr. 80/2012, verður haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um framhaldið. Ef tilefni er til verða minjar í hættu merktar á framkvæmdatíma.</p>
<p>Nokkurt misræmi virðist vera í skýrslu Landsnets um að einungis sé ein gömul leið, Hrauntungustígur, í nágrenni línuleiðarinnar og þeirra viðbendinga um fornleifa í nágrenni línuleiðarinnar sem finna má í fyrirhugaðri fornleifaskráningarskýrslum.</p>	
<p>Minjastofnun Íslands telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn til að hægt sé að meta áhrif lagningu jarðstrengs frá Hamranesi að Seibergshlíð á fornleifar né vegna niðurrifs á 14 möstrum Hamranesliða 1 og 2. Að mati stofnunarinnar þarf að fá fornleifafræðings til að kanna fyrirhuguð framkvæmdasvæði og mæla upp fornleifar sem kunna að vera innan þeirra eða í næsta nágrenni þeirra. Sýna þarf staðsetningu og útlínu fornleifa á loftmynd/korti ásamt fyrirhugaðri staðsetningu jarðstrengsins og fyrirhuguð rasksvæði vegna niðurrifs mastra. Taka þarf tillit til fornleifar þegar lagnaleið jarðstrengsins verður endanlega ákveðin. Vakinn er athygli á að í 22. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) segir að fríðheigjað svæði umhverfis fornleifar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.</p>	



Umsögn Minjastofnunar Íslands	Viðbrögð Landsnets
<p>Í skýrslu Landsnets er ekki gerð grein fyrir nákvæmari staðsetningu jarðstrengsins. Af loftmyndum í skýrslunni og upplýsingum úr fyrirliðgjandi fornleifaskráningarskýrslum er ekki hægt að meta fjarlægð framkvæmdasvæðis strengsins frá einstaka fornleifum. Austurendi strengsins mun liggja innan marka Garðabæjar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá 2009, <i>Fornleifaskráning í Garðabæ</i>. Sel (GK-173:051) er skráð á því svæði þar sem strengurinn á að liggja. Um er að ræða töft framan við lítinn skúta og grjótagaró fast austan við hana. Erfitt er að meta út frá fyrirliðgjandi gögnum, hvort selið er í hættu vegna framkvæmdarinnar.</p>	<p>Á meðfylgjandi korti (mynd 1, aftast í skjali) má sjá staðsetningu Gráhellu og fjarlægð fyrirhugaðs jarðstrengs í töftina við Gráhellu. Samkvæmt því er töftin í um 170 m fjarlægð frá fyrirhuguðum jarðstreng. Í hverfisverndarákvæðum í skipulagi segir að ekkert rask megi eiga sér stað í innan við 50 fjarlægð frá klettinum. Framkvæmdir verða í rúmlega 100 m fjarlægð og þannig er helgunarsvæði töftarinnar virt.</p>
<p>Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru fríðýstar sem þjóðmínjar og þeim sem njóta fríðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. Sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</p>	<p>Við er sérstaklega til svars hér að ofan um að Landsnet muni láta fornleifafræðing ganga leiðina og niðurstöður þeirra rannsókna verði nýttar við endanlega útfærslu á legu jarðstrengs. Ef fram koma áður óþekktar mínjar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um nr. 80/2012, verður haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um framhaldið. Ef tilefni er til verða mínjar í hættu merktar á framkvæmdatíma. Landsnet telur að með viðbótarupplýsingum og svörum við umsögnum hér að ofan, sé komið til móts við athugasemdir Minjastofnunar og að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.</p>

## 6. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seljarnarness

Umsögn Heilbrigðiseftirlitsins	Viðbrögð Landsnets
<p>„Nefndin hefur yfirfarið erindi Landsnets. Nefndin telur að í matsskyldufyrirspurn sé áformaðri framkvæmd nægjanlega lýst sem og umfangi og nauðsynlegum mótvægisáðgerðum. Heilbrigðisnefnd gerir ekki kröfu um að boðuð framkvæmd fari í umhverfismat“.</p> <p>Komi til boðaðrar framkvæmdar er athygli Landsnets vakin á tveimur verkþáttum sem þarf að hafa sérstaklega í huga við skipulagningu framkvæmdar.</p> <p>A. Áformuð lagnaleið liggur líkast til yfir gamlan sorpurðunarstað í Hamranesi. Sorp sem þar kann að verða grafið upp þarf að farga á viðurkenndum sorpurðunarstað.</p> <p>B. Áformuð lagnaleið mun þvera Kaldárselsveg og Gráheiluhraun og þar með liggja þvert á stofniögn vatnsveitunnar frá Kaldárbotum</p>	<p>Við endanlega verkhönnun verður tekið mið af umræddum sorpurðunarstað og reynt eftir fremsta megni að taska honum sem minnst. Landsnet mun taka fram í úiboðsgögnum að þarna sé um að ræða gamlan sorpurðunarstað og komi til þess að það verði grafið í hann, þá sé verktaka gert ljóst að því sem þar komi upp verði að farga á viðurkenndum sorpurðunarstað.</p>

Virðingarfyllt,  
F.h. Landsnets  
Bergrós Arna Sævarsdóttir



Jakob Gunnarsson  
Skipulagsstofnun

22. mars 2023  
2022-08-57/11.2

Efni: Tilkynning um breytingar á Hamraneslínunum. Umsögn Landsnets um umsögn Garðabæjar.

Skipulagsstofnun sendi Landsneti umsögn Garðabæjar um tilkynningu um fyrirhugaðar framkvæmdir við Hamraneslínur í tölvupósti dags. 8. mars sl.

Í umsögn Garðabæjar er lögð fram fundargerð skipulagsnefndar:

*Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagstofnunar um tilkynningu Landsnets um fyrirhugaðar framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif vegna breytinga á Hamraneslínunum 1 & 2 (HN1&2) í Hafnarfirði og Garðabæ.*

*Skipulagsnefnd bendir á að áform Landsnets um legu háspennulínu innan marka Garðabæjar hafa breyst verulega á stuttum tíma (og falla ekki að núverandi skipulagi). Nefndin telur að við þessar aðstæður sé eðlilegt að Garðabæ gefist svigrúm til að taka upp viðræður við Landsnet til að ræða stöðu legu háspennulína innan bæjarins og móta tillögur í því sambandi sem falla að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar þar sem háspennulínur eru lagðar í jörð eins og eðlilegt er að gera í byggð og á útivistarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu.*

**Viðbrögð Landsnets:** Í nágrenni höfuðborgarsvæðisins liggja mikilvægar flutningsleiðir raforku. Þær flytja orku til þess fjölda íbúa sem búa á svæðinu og nauðsynlegrar atvinnustarfsemi í og við höfuðborgarsvæðið. Ýmsar áskoranir fylgja því að byggja upp rekstrarlega öruggt kerfi, sem fullnægir orkupörf hvers tíma í takt við þróun byggðar á langstærsta þéttbýlissvæði landsins.

Í umhverfismati Suðvesturlína árið 2009, sem m.a. gerði ráð fyrir nýrri tenginu milli Hamraness og Lyklafells, var meginmarkmið þeirrar framkvæmda að auka flutningsgetuna þar á milli, samhliða því umhverfismati samræmdu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu stefnumörkun um raforkuflutningskerfið í aðalskipulagi sínu.

Frá þeim tíma hafa orðið breytingar á forsendum er varða orkuvinnslu og nýtingu á Reykjanesi og í allra nánustu framtíð er ekki fyrir séð þörf á aukinni flutningsgetu fyrir þessa tengingu. Hins vegar kallaði þróun íbúabyggðar í jaðri höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega í Hafnarfirði þar sem Hamraneslínur og Ísallínur liggja vel innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins á að gera þyrfti breytingar á flutningskerfinu.

Árið 2019 var því hafinn undirbúningur að nýju umhverfismati þar sem meginmarkmið framkvæmdanna var að bregðast við byggðapróun höfuðborgarsvæðisins og færa útlínur meginflutningskerfisins út fyrir vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins og til lengri tíma draga úr mikilvægi núverandi tengivirkja með byggingu nýrra fjær byggð.

Á meðan unnið var að rannsóknum vegna umhverfismatsins, varð aukin eldvirkni á Reykjaneskaga og því þótti Landsneti ástæða til að fá sérstaka greiningu á mögulegri náttúruvá m.t.t. mögulegra eldsumbrota og

meta áhrif sem þau gætu haft á ólíka valkosti m.t.t rekstraröryggis. Niðurstaða jarðvísindamanna sýndi, að kæmi til eldvirkni með hraunrennsli í nágrenni framkvæmdasvæðisins væru nokkur hættu á að hraun á gæti skömmum tíma runnið yfir línuleiðir valkosta meðfram Búrfellslínu 3b og strengleið meðfram Bláfjallavegi og þá um jafnframt núverandi Búrfellslínu 3b.

Því er ljóst að óvissa er til staðar varðandi valkosti nýrrar línu og því hefur Landsnet ákveðið að geyma um sinn ákvarðanir um frekari byggingu nýrrar línu.

Valkostirnir sem Landsnet telur best til þess fallna að bregðast við íbúðapróun höfuðborgarsvæðisins til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og óvissu vegna náttúrvár, snúa að áframhaldandi nýtingu Hamraneslína. Eftir að frekari ástandsskoðun fór fram á Hamraneslínunum þótti sýnt, að þær eru í betra ásigkomulagi en talið var og með ákveðnum aðgerðum er hægt að lengja líftíma þeirra í 30 ár. Því hefur Landsnet ákveðið að ráðast í það viðhald, en leggja Hamraneslínur sem 5 km jarðstrengi til samræmis við þróun byggðar í Hafnarfirði og því ættu áætlanir sveitarfélagsins um úthlutun lóða þar á þessu svæði að geta gengið eftir.

Í kjölfar umsagnar Garðabæjar, hefur Landsnet átt fund með fulltrúum Garðabæjar og rætt stöðuna út frá ábendingum sveitarfélagsins.

*Í greinargerð Landsnets kemur ekki fram að Gráhelluhraun nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 (5.27 HV) en þar segir: "Vernda skal náttúrulega gróðurþekju hraunsins, mosa og lynggróður og er óheimilt að rækta í því landi án leyfis bæjaryfirvalda. Þá skal aldrei gróðursetja barrviði eða aðrar aðfluttar tegundir í hraunið, heldur eingöngu íslenskar tegundir" Auk þess kemur einnig fram í kafla 5.2. í greinargerð aðalskipulags Garðabæjar að stefnt sé að friðlýsingu Gráhelluhrauns í samráði við Umhverfisstofnun. Í töflu 5.2. segir m.a. að nýr jarðstrengur muni ekki liggja um hverfisverndarsvæði en það fær ekki staðist miðað við þá tillögu sem sett er fram í fyrirspurninni.*

**Viðbrögð Landsnets.** Það er rétt ábending hjá Garðabæ að í fyrirspurnarskýrslu er ekki fjallað um hverfisvernd Gráhelluhrauns í Garðabæ, heldur einungis verndarákvæði hraunsins tengt 61. gr. náttúruverndarlaga. Í töflu 5.2 í fyrirspurninni er fjallað um að framkvæmdin raski um 4 ha af nútímahrauni. Þar af leiðandi er því ekki rétt sem segir í skýrslunni að nýr jarðstrengur muni ekki liggja um hverfisverndarsvæði, þar sem hann mun liggja í gegnum hverfisverndarsvæði Garðabæjar í Gráhelluhrauni.

Til þess að bregðast við áhrifum á umrædd verndarsvæði vísar Landsnet til mótvægisáðgerða sem listaðar eru upp í töflu 5.4 í skýrslunni. Þar kemur m.a. fram að leitast verður við að halda raski í lágmarki og að tryggð verði endurheimt raskaðra svæða með gróðri í samræmi við það gróðurfar sem fyrir er. Sú mótvægisáðgerð mun taka til hverfisverndarsvæðisins líkt og annarra verndarsvæða á leiðinni.

*Mynd 4.1. í greinargerð Landsnets sýnir vistlendi við fyrirhuguð strengleið liggur innan marka Garðabæjar sem graslendi sem er ekki rétt. Um er að ræða Gráhelluhraun sem sýna ætti sem hraunlendi. Samkvæmt greinargerð Landsnets mun jarðstrengur liggja á rúmlega 200 metra kafla yfir ósnert hraun og verða þau ummerki óafturkræf.*

**Viðbrögð Landsnets.** Gögn sem notuð voru við gerð myndar 4.1 (vistlendi við strengleiðina) byggja á úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands, en þar kemur fram að á þessu svæði sé graslendi og alaskalúpína að hluta. Landsnet mun að vinna með samskonar verklagi og mótvægisáðgerðum innan hraunasvæða líkt sbr. svar hér að framan um Gráhelluhraun og verndargildi þess.

*Í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að Hamraneslína víki og að Hnoðraholtslína verði lögð í jörð. Ekki liggur enn fyrir í hvaða legu Hnoðraholtslína og eftir atvikum Hamraneslína verði lagðar í jörð í Garðabæ sem mikilvægt er fyrir Garðabæ að liggja fyrir. Skipulagsnefnd telur einnig ástæðu til þess að skoða þann möguleika að Hamraneslína verði loftlína áfram að Kaldársselsvegi sem krefst ekki breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 að svo stöddu.*

*Skipulagsnefnd telur að við þessar aðstæður sé eðlilegt að Garðabæ gefist svigrúm til að taka upp viðræður við Landsnet til að ræða stöðu og legu háspennulína innan bæjarins og móta tillögur í því sambandi. Slíkar tillögur þurfa að vera í samræmi við stefnu í aðalskipulagi Garðabæjar þar sem háspennulínur eru lagðar í jörð eins og eðlilegt er að gera í byggð og á útivistarsvæðum í nálægð byggðar.*

*Í ljósi ofangreinds getur skipulagsnefnd ekki að svo stöddu gert tillögu til bæjarstjórnar um jákvæða umsögn varðandi fyrirhugaða framkvæmd Landsnets, vegna breytinga á Hamraneslínunum 1 & 2 (HN1&2) í Hafnarfirði og Garðabæ.*

Bókun skipulagsnefndar var tekin fyrir á fundi bæjarráðs 28. febrúar 2023 og eftirfarandi bókað í fundargerð.

*Í bókun skipulagsnefndar kemur fram að nefndin telji nauðsynlegt að svigrúm gefist til að taka upp viðræður við Landsnet til að ræða stöðu og legu háspennulína innan bæjarins og móta tillögur í því sambandi. Slíkar tillögur þurfa að vera í samræmi við stefnu í aðalskipulagi Garðabæjar þar sem háspennulínur eru lagðar í jörð eins og eðlilegt er að gera í byggð og á útivistarsvæðum í nálægð byggðar. Bæjarráð tekur undir bókun skipulagsnefndar og felur bæjarstjóra að hlutast til um að viðræður fari fram við Landsnet um stöðu mála.*

**Viðbrögð Landsnets:** Landsnet og fulltrúar Garðabæjar áttu fund þann 21. mars þar sem farið var yfir stöðu málsins m.t.t bókunar skipulagsnefndar.

Landsnet telur mikilvægt að lokið sé við ákvörðun um hvort fyrirhuguð strenglög Hamraneslína og niðurrif loftlína á sama kafla sé matsskyld framkvæmd m.t.t. umhverfisáhrifa. Hins vegar sé það aðskilið ferli að huga frekar að öðrum breytingum á raflínum Landsnets innan sveitarfélagamarka Garðabæjar, sem Landsnet þarf að eiga frekara samtal við Garðabæ um.